

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 19. desember 1985

um skrá yfir herma til notkunar við mælingar á flæði efna úr plastefnum og -hlutum sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli

(85/572/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 82/711/EBE frá 18. október 1982 um nauðsynlegar grundvallarreglur til að mæla flæði efna úr plastefnum og -hlutum sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr.,með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽³⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. og fyrsta undirlið 2. liðar I. kafla í viðauka við tilskipun 82/711/EBE ber að tilgreina þá herma sem henta til flæðimælinga á efnum úr plastefnum og -hlutum sem ætlað er að komast í snertingu við einstök matvæli eða tiltekinn flokk matvæla.

Ekki má útiloka þann kost að notaðar séu aðrar flæðimælingaraðferðir en þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, sé þörf á slíku.

Þegar ákvarðað er hvaða hermar henti verður að taka tillit til efnafræðilegrar samsetningar matvæla og eðliseiginleika.

Í tilteknum matvælum sem innihalda fitu hafa niðurstöður flæðimælinga með hermi reynst hærri en þær sem fengust við mælingar á matvælunum sjálfum og því þarf að leiðrétta niðurstöðurnar með því að nota „leiðréttingarþátt“ eftir því sem við á hverju sinni. Í sérstökum tilvikum, einkum þegar efni og hlutir eru í snertingu við matvæli með fituefni á yfirborðinu, er bráðnauðsynlegt vegna framkvæmdar þessarar

⁽¹⁾ Stj. tíð. EB nr. L 297, 23. 10. 1982, bls. 26.

⁽²⁾ Stj. tíð. EB nr. C 102, 14. 4. 1984, bls. 4.

⁽³⁾ Stj. tíð. EB nr. C 175, 15. 7. 1985, bls. 299.

⁽⁴⁾ Stj. tíð. EB nr. C 25, 28. 1. 1985, bls. 6.

tilskipunar að til séu viðeigandi greiningaraðferðir.

Aðlögun tilskipunar þessarar að tækniframförum er framkvæmdarráðstöfun og til að einfalda og flýta málsmeðferð ætti hún í grundvallaratriðum að vera á ábyrgð framkvæmdastjórnarinnar.

Í öllum tilvikum þar sem ráðið felur framkvæmdastjórninni að hrinda í framkvæmd ákvæðunum um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ætti að ákveða málsmeðferð um nána samvinnu milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar í fastanefndinni um matvæli sem komið var á fót með ákvörðun 69/414/EBE ⁽⁵⁾.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Þeir hermar, og styrkur þeirra, sem skal nota við mælingar á flæði efna úr plastefnum og -hlutum sem ætlað er að komast í snertingu við einstök matvæli eða tiltekinn flokk matvæla eru, samkvæmt 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 82/711/EBE, tilgreindir í viðaukanum.

2. gr.

Þrátt fyrir 1. gr. má, þar sem við á, í skránum yfir efni og hluti sem eingöngu er heimilt að nota, kveða á um aðrar aðferðir við mælingar á flæði tiltekinn efna úr plastefnum og -hlutum en gert er í viðaukanum við þessa tilskipun.

3. gr.

Breytingar sem gerðar eru á viðaukanum við tilskipun þessa í ljósi vísinda- og tækniframfara skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 10. gr. tilskipunar 76/893/EBE ⁽⁶⁾.

⁽⁵⁾ Stj. tíð. EB nr. L 291, 19. 11. 1969, bls. 9.

⁽⁶⁾ Stj. tíð. EB nr. L 340, 9. 12. 1976, bls. 19.

4. gr.

Gjört í Brussel 19. desember 1985.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en þau gera ráðstafanir til framkvæmdar tilskipun 82/711/EBE.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Fyrir hönd ráðsins,

M. FISCHBACH

forseti.

VIDAUKI

SKRÁ YFIR HERMA

- Í eftirfarandi matvælatöflum, sem eru ekki tæmandi, eru þeir hermar sem skal nota við flæðimælingar á einstökum matvælum eða flokki matvæla táknaðir með eftirtöldum bókstöfum:
hermir A:
eimað vatn eða jafngott vatn;
hermir B:
3% (w/v) ediksýra í vatnslausn;
hermir C:
15% (v/v) etanól í vatnslausn;
hermir D:
hreinsuð ólífuolía ⁽¹⁾; reynist nauðsynlegt af tæknilegum orsökum vegna greiningaraðferðarinnar að nota aðra herma þarf að skipta á ólífuólíunni og blöndu tilbúinna tríglyseríða ⁽²⁾ eða sólblómaolíu ⁽³⁾.
- Fyrir einstök matvæli eða flokk matvæla má aðeins nota hermi (herma) með tákni „X“ og fyrir hvern hermi skal nota nýtt sýni af efnunum eða hlutunum sem um ræðir. Ef „X“ er ekki tiltekið þarf ekki að gera flæðimælingar á viðkomandi vörulið.
- Komi skástrik og tala á eftir „X“ skal deila í niðurstöður flæðimælinganna með tölunni. Talan, „leiðréttingarþátturinn“, er notuð til að taka mið af því að hermirinn hefur meiri útdráttargetu í tilteknum tegundum matvæla sem innihalda fitu.
- Komi „a“ í sviga á eftir „X“ er aðeins notaður annar af hermum sem gefnir eru upp:
— ef pH-gildi matvællanna er hærra en 4,5 er hermir A notaður,
— ef pH-gildi matvællanna er 4,5 eða lægra er hermir B notaður.
- Ef matvæli eru skráð bæði undir sérstökum og almennum vörulið skal aðeins nota þann hermi (þá herma) sem er tiltekinn (sem eru tilteknir) í sérliðnum.

⁽¹⁾ Eiginleikar hreinsaðrar ólífuolíu

Joðtala (Wijs)	= 80 til 88
Ljósbrotsstuðull við 25°C	= 1,4665 til 1,4679
Sýrustig (gefið upp í % olíusýru)	= hámark 0,5%
Peroxiðtala (gefin upp í milljafngildum af súrefni á hvert kg af olíu)	= hámark 10

⁽²⁾ Samsetning blöndu tilbúinna tríglyseríða

Dreifing fitusýru

Fjöldi C-frumeinda í leifum fitusýru	6	8	10	12	14	16	18	annað
GLC-svæði (%)	~1	6 til 9	8 til 11	45 til 52	12 til 15	8 til 10	8 til 12	≤ 1

Hreinleiki

Mónóglýseríðinnihald (ensímákvarðað)	≤ 0,2%
Díglýseríðinnihald (ensímákvarðað)	≤ 2,0%
Ósápanleg efni	≤ 0,2%
Joðtala (Wijs)	≤ 0,1%
Sýrugildi	≤ 0,1%
Vatnsinnihald (K. Fischer)	≤ 0,1%
Bræðslumark	28 ± 2°C

Dæmigert gleypniróf (þykkt lags: d = 1 cm; samanburður: vatn = 35°C)

Bylgjulengd (nm)	290	310	330	350	370	390	430	470	510
Gegnhleypni (%)	~2	~15	~37	~64	~80	~88	~95	~97	~98

A.m.k. 10% ljósgegnhleypni við 310 nm (1 cm kúvett, samanburður: vatn 35°C)

⁽³⁾ Eiginleikar sólblómaolíu

Joðtala (Wijs)	= 120 til 145
Ljósbrotsstuðull við 20°C	= 1,474 til 1,476
Sápunartala	= 188 til 193
Eðlismassi við 20°C	= 0,918 til 0,925
Ósápanleg efni	= 0,5% til 1,5%

TAFLA

Tilvísunarnr.	Lýsing á matvælum	Hermar sem skal nota			
		A	B	C	D
01	Drykkjarvörur				
01.01	Óáfengir drykkir eða áfengir drykkir með minni alkóhólstyrkleika en 5% miðað við rúmmál: Vatn, epla-, ávaxta- eða matjurtasafi af venjulegum styrk eða þykktur, must, ávaxtanektar, límonaði og ölkelduvatn, sykrud ávaxtasafi, bitterar, jurtate, kaffi, te, súkkulaði, öl o.fl.	X (a)	X (a)		
01.02	Áfengir drykkir, 5% eða meira að alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál: Drykkir taldir upp í 01.01 en 5% að alkóhólstyrkleika eða meira miðað við rúmmál: Léttvín, brenndir drykkir og líkjörar		X(*)	X(**)	
01.03	Ýmislegt: óeðlisbreytt etanól		X(*)	X(**)	
02	Korn, kornvörur, sætabrauð, kökur og aðrar brauðvörur				
02.01	Sterkja				
02.02	Korn, óverkað, útblásið, í flögum (þar á meðal poppkorn, kornflögur o.þ.h.)				
02.03	Mjöl og grjón úr korni				
02.04	Makkarónur, spaghetti o.þ.h.				
02.05	Sætabrauð, kex, kökur og aðrar brauðvörur, þurrar: A. Með fituefnum á yfirborði B. Aðrar vörur				X/5
02.06	Sætabrauð, kex, kökur og aðrar brauðvörur, nýjar: A. Með fituefnum á yfirborði B. Aðrar vörur	X			X/5
03	Súkkulaði, sykur og vörur úr súkkulaði og sykri; sælgæti				
03.01	Súkkulaði, vörur hjúpaðar súkkulaði, súkkulíki og vörur hjúpaðar súkkulíki				X/5
03.02	Sælgæti: A. Í föstu formi: I. Með fituefnum á yfirborði II. Aðrar vörur				X/5

(*) Þessi mæling skal aðeins gerð þegar pH-gildið er 4,5 eða lægra.

(**) Þessi mæling skal aðeins gerð á vökvum eða drykkjum sem eru meira ein 15% að alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál með jafnstærri etanólvatnslausn.

Tilvísunarnr.	Lýsing á matvælum	Hermar sem skal nota			
		A	B	C	D
03.02 (framhald)	B. Sem massi: I. Með fituefnum á yfirborði II. Rakt				X/3
03.03	Sykur og sykurvörur: A. Í föstu formi B. Hunang o.þ.h. C. Melassi og síróp				
04	Ávextir, matjurtir og vörur úr þeim				
04.01	Heilir ávextir, nýir eða kældir				
04.02	Verkaðir ávextir: A. Þurrkaðir eða vatnsneyddir ávextir, heilir eða muldir B. Ávextir í bitum, mauki eða sem massi C. Niðurlagðir ávextir (sulta o.þ.h. — heilir ávextir, í bitum eða muldir, geymdir í legi): I. Í vatnslausn II. Í olíu III. Í alkóhóli ($\geq 5\%$ miðað við rúmmál)	X (a)	X (a)		
04.03	Hnetur (jarðhnetur, kastaníuhnetur, möndlur, heslihnetur, valhnetur, furuhnetur o.fl.): A. Án skurnar, þurrkaðar B. Án skurnar, brenndar C. Sem massi eða krem				X/5(**) X/3(**)
04.04	Heilar matjurtir, nýjar eða kældar				
04.05	Verkaðar matjurtir: A. Þurrkaðar eða vatnsneyddar matjurtir, heilar eða muldar B. Matjurtir, skornar, í mauki C. Niðurlagðar matjurtir: I. Í vatnslausn II. Í olíu III. Í alkóhóli ($\geq 5\%$ miðað við rúmmál)	X (a)	X (a)		
05	Feiti og olíur				
05.01	Dýra- og jurtafeiti og dýra- og jurtaolíur, óunnar eða unnar (þar á meðal kakósmjör, hreinsuð svínafeiti, brætt smjör)				X
05.02	Smjörlíki, smjör og önnur fita og olía úr olíu- og vatnsþeyti				X/2

(*) Þessi mæling skal aðeins gerð þegar pH-gildið er 4,5 eða lægra.

(**) Ef hægt er að sýna fram á með viðeigandi mælingu að ekki sé um neina „fitusnertingu“ við plastið að ræða má sleppa mælingu með hermi D.

Tilvísunarnr.	Lýsing á matvælum	Hermar sem skal nota			
		A	B	C	D
06	Vörur úr dýraríkinu og egg				
06.01	Fiskur:				
	A. Nýr, kældur, saltaður, reyktur	X			X/3(*)
	B. Sem massi	X			X/3(*)
06.02	Krabba- og lindýr (þar á meðal ostrur, kræklingar, sniglar) án skeljar eða kuðungs	X			
06.03	Kjöt af öllum æðri dýrum (þar á meðal alifuglum og veiðibráð):				
	A. Nýtt, kælt, saltað, reykt	X			X/4
	B. Sem massi eða krem	X			X/4
06.04	Unnar kjötvörur (skinka, salami, flesk o.fl.)	X			X/4
06.05	Niðurlagt og hálfniðurlagt kjöt og fiskur:				
	A. Í vatnslausn	X (a)	X (a)		
	B. Í olíu	X (a)	X (a)		X
06.06	Egg án skurnar:				
	A. Mulin eða þurrkuð				
	B. Annað	X			
06.07	Eggjarauða:				
	A. Fljótandi	X			
	B. Mulin eða fryst				
06.08	Þurrkuð eggjahvíta				
07	Mjólkurvörur				
07.01	Mjólk:				
	A. Nýmjólk	X			
	B. Niðurseydd	X			
	C. Undanrenna eða léttmjólk	X			
	D. Þurrmjólk				
07.02	Gerjuð mjólk eins og jógúrt, súrmjólk og vörur af því tagi að viðbættum ávöxtum og ávaxtavörum		X		
07.03	Rjómi og sýrður rjómi	X (a)	X (a)		
07.04	Ostar:				
	A. Heilir, með skorpu				
	B. Bræddir ostar	X (a)	X (a)		
	C. Allir aðrir ostar	X (a)	X (a)		X/3(*)

(*) Ef hægt er að sýna fram á með viðeigandi mælingu að ekki sé um neina „fitusnertingu“ við plastið að ræða má sleppa mælingu með hermi D.

Tilvísunarnr.	Lýsing á matvælum	Hermar sem skal nota			
		A	B	C	D
07.05	Ostahleypir: A. Fljótandi eða seigfljótandi B. Mulinn eða þurrkaður	X (a)	X (a)		
08	Ýmsar vörur				
08.01	Edik		X		
08.02	Steikt matvæli: A. Djúpsteiktar kartöflur o.þ.h. B. Af dýrum				X/5 X/4
08.03	Súpur og seyði, teningar, duft og kjarnar; jafnblönduð samsett matvæli, tilbúnir réttir: A. Mulið eða þurrkað I. Með fituefnum á yfirborði II. Annað B. Fljótandi eða massi: I. Með fituefnum á yfirborði II. Annað				X/5 X/3
08.04	Ger og önnur lyftiefni: A. Sem massi B. Þurrkað	X (a)	X (a)		
08.05	Salt				
08.06	Sósur: A. Án fituefna á yfirborði B. Mæjones, sósur úr mæjonesi, salatsósur og annað olú- og vatnsþeyti C. Sósur úr olú og vatni sem mynda tvo aðskilda fasa	X (a) X (a) X (a)	X (a) X (a) X (a)		X/3 X
08.07	Sinnep (nema sinnepsduft í lið 08.17)	X (a)	X (a)		X/3(*)
08.08	Samlokur, ristað brauð o.þ.h. með áleggi: A. Með fituefnum á yfirborði B. Annað				X/5
08.09	Rjómaís	X			
08.10	Þurrkuð matvæli: A. Með fituefnum á yfirborði B. Annað				X/5

(*) Ef hægt er að sýna fram á með viðeigandi mælingu að ekki sé um neina „fitusnertingu“ við plastið að ræða má sleppa mælingu með hermi D.

Tilvísunarnr.	Lýsing á matvælum	Hermar sem skal nota			
		A	B	C	D
08.11	Fryst eða djúpfryst matvæli				
08.12	Þykktur kjarni, 5% eða meira að alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál		X(**)	X	
08.13	Kakó:				
	A. Kakóduft				X/5(*)
	B. Kakómassi				X/3(*)
08.14	Kaffi, brennt, kaffínsneytt eða leysanlegt, kaffilíki, gróf- eða fín malað				
08.15	Kaffikjarnalausn	X			
08.16	Kryddjurtir og önnur grös: kamilla, moskusrós, mint, te, lindiblóm o.fl.				
08.17	Krydd og kryddblöndur í náttúrulegu formi: kanill, negull, sinnepsduft, pipar, vanilla, safran o.fl.				

(*) Ef hægt er að sýna fram á með viðeigandi mælingu að ekki sé um neina „fitusnertingu“ við plastið að ræða má sleppa mælingu með hermi D.

(**) Þessi mæling skal aðeins gerð þegar pH-gildið er 4,5 eða lægra.